

Hvað er vísitala neysluverðs?

Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, Hagstofa Íslands

Kynning fyrir Hagsmunasamtök
heimilanna

22. maí 2020

Starfsumhverfið



[Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, 2007 nr. 163](#)

[Lög um vísitölu neysluverðs, 1995 nr. 12](#)

[Grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð](#)

Meginreglur í hagskýrslugerð ([European Statistics Code of Practice](#))

[Reglur um meðferð trúnaðargagna](#)

Meginreglur (CoP)



Úr meginreglum í hagskýrslugerð:

PRINCIPLE 5 **Statistical Confidentiality and Data Protection**

The privacy of data providers, the confidentiality of the information they provide, its use only for statistical purposes and the security of the data are absolutely guaranteed.

PRINCIPLE 6 **Impartiality and Objectivity**

Statistical authorities develop, produce and disseminate European Statistics respecting scientific independence and in an **objective**, professional and **transparent** manner in which all users are treated equitably.

PRINCIPLE 7 **Sound Methodology**

Sound methodology underpins **quality statistics**. This requires adequate tools, procedures and expertise.

Meginreglur (CoP)

eurostat 

 EUROPEAN
STATISTICAL
SYSTEM



Hlutverk vísitölu neysluverðs



- Lög um vísitölu neysluverðs, 1995 nr. 12, 1. gr.

*Hagstofa Íslands skal reikna og birta vísitölu sem sýnir breytingar á **verðlagi** einkaneyslu. Vísitalan nefnist vísitala neysluverðs. ...*

Vísitala neysluverðs er verðlagmælikvarði

Einkaneysla í alþjóðlegum staðli

- **Einkaneysla** er skilgreind í staðli þjóðhagsreikninga (**SNA**)
(UN, 2008)
- Sameinuðu þjóðirnar (UN) halda utan um staðalinn og flokkun einkaneyslu í neysluflokkunarkerfinu COICOP:
 - [Classification of Individual Consumption According to Purpose](#)
 - https://unstats.un.org/unsd/class/revisions/coicop_revision.asp
- Hagstofa Íslands notar SNA staðalinn við útreikning á vísitölu neysliverðs (**VNV**) sem og í þjóðhagsreikningum.
- Sama fyrirkomulag er hjá öðrum ríkjum Sameinuðu þjóðanna, en þar á meðal eru **öll Evrópuríki** og önnur OECD ríki eins og Bandaríkin, Kanada, Japan, Ástralía og Nýja-Sjáland.

Tegundir verðvísitalna

- Fastgrunnsvísitölur
 - Grunnútgjöldum er haldið föstum og því nægir að safna verðupplýsingum. Algengasta tegundin er Lowe.
- Framfærsluvísitölur
 - Grunnútgjöld í vogum endurspegla lágmarksútgjöld til að halda sama jafnnytjaferli miðað við tvennskona verðforsendur.
 - Aðferðir skortir til að mæla nytjar einstaklinga, sem þýðir að erfitt er að koma við beinum mælingum.
- Afburðavísitölur
 - Afburðavísitölur eru reiknaðar með vogum frá tveimur tímabilum
 - Sýnt hefur verið fram á að afburðavísitölur endurspegli framfærsluvísitölur án þess að nota nytjaferli einstaklinga.

Vísitala neysluverðs er fastgrunnsvísitala (Lowe) sem líkist framfærsluvísitölu

(Rósmundur Guðnason, 2004)

Hvað er verðlagsvísitala?

(verð) * (magn)

$$\sum_i p_i * q_i$$

i er teljari fyrir vörur og þjónustu

Í hverjum mánuði mælir Hagstofa Íslands verð á milli 100 – 150 þúsund vörum og þjónustuliðum fyrir vísitölu neysluverðs.

Kröfur til verðvísitölu (dæmi)

Jafngildispróf:

ef verð á öllum vörum eru eins á tveimur tímabilum ætti vísitalan að vera óbreytt.

Hlutfallspróf:

ef öll verð á einu tímabili eru margfölduð með sama fasta ætti nýja vísitalan að vera gamla vísitalan margfölduð með fastanum.

Óháð mælieiningum:

vísitalan breytist ekki þrátt fyrir að mælieiningar breytist.

(Rósmundur Guðnason, 2004)

Kröfur til verðvísitölu (fleiri dæmi)

Tímaandhverfupróf:

Ef gögnum vegna tveggja tímabila er víxlað er útkoman andhverfa upprunalegu vísitölnunnar.

Verðsveiflupróf:

ef öll verð á einu tímabili breytast á því næsta og svo breytast þau aftur til baka í það sem þau voru í upphafi, þá á vísitalan að taka breytingu sem gengur að fullu til baka.

Tengslapróf:

vísitala sem er reiknuð beint á milli tímabila á að sýna sömu niðurstöður ef hún er keðjutengd.

(Rósmundur Guðnason, 2004)

Meðaltal

Carli – einfalt meðaltal – EKKI NOTAÐ

Meðaltalið af a og b er $\frac{a+b}{2}$

Jevons – margfeldismeðaltal

Meðaltalið af a og b er $\sqrt{a * b}$

Jevons margfeldismeðaltal margra verðhlutfalla er notað í vísitölu neysliverðs í grunneiningum, því það leiðréttir fyrir staðkvæmni:

$$\prod_{i=1}^n \left(\frac{P_i^t}{P_i^0} \right)^{1/n}$$



Jevons leiðréttir fyrir staðkvæmni

Vara A og B eru líkar á þann hátt að neytendur sjá sambærilegt notagildi í þeim.

Þess vegna er vel hugsanlegt að verð stjórni því hvor verði fyrir valinu í innkaupum.

	P í mánuði 1	P í mánuði 2	P2/P1
Vara A	10	12	1,20
Vara B	10	8	0,80
Einfalt meðaltal Carli	10,00	10,00	1,00
Margfeldismeðaltal Jevons	10,00	9,80	0,98
Carli vísitala			100
Jevons vísitala			98



Carli fellur á prófi

Vara A og B eru líkar á þann hátt að neytendur sjá sambærilegt notagildi í þeim.

Einfalt meðaltal fellur á tímaandhverfuprófi, verðsveifluprófi og tengslaprófi. Einfalt meðaltal er ónothæft því það bjargar vísitölu upp á við. Jevons bjargar ekki vísitölu heldur leiðréttir fyrir staðkvæmi.

	P í mánuði 1	P í mánuði 2	P2/P1
Vara A	20	25	1,25
Vara B	25	20	0,80
Einfalt meðaltal Carli	22,50	22,50	1,00
Margfeldismeðaltal Jevons	22,36	22,36	1,00
Carli vísitala	$(1,25+0,8)/2 * 100 =$		102,5
Jevons vísitala	$= \text{ferningsrót}(1,25*0,8) * 100 =$		100

Neyslukönnun



- Lög um vísitölu neysluverðs, 1995 nr. 12, 1. gr.

... Vísitalan skal reist á grunni sem Hagstofan ákveður samkvæmt niðurstöðum **neyslukönnunar**.

Rannsókn á útgjöldum heimilanna er neyslukönnun sem mælir vægi neysluflokka út frá upplýsingum sem einstaklingar og fjölskyldur á Íslandi gefa Hagstofunni um neyslu.

Hagstofulögin



- Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, 2007 nr. 163, II. kafli. Söfnun upplýsinga

7. gr. Fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri er skylt að veita Hagstofunni umbeðnar upplýsingar um umsvif sín og rekstur. ..

8. gr. Hagstofan skal afla nauðsynlegra hagskýrslugagna um einstaklinga og heimili úr opinberum skráum og á grundvelli stjórnsýslugagna eftir því sem kostur er.

Hagstofunni er að öðru leyti heimilt að afla persónubundinna upplýsinga beint frá einstaklingum.

Hagstofuvefurinn



www.hagstofa.is



Vísar

Þjónusta

Útgáfur

Um Hagstofuna

Vefskil

English

Skrifaðu leitarorð hér...



Íbúar



Samfélag



Atvinnuvegir



Efnahagur



Umhverfi



Verðlag

Vísitala neysluverðs

Byggingarvísitala

Samræmd vísitala
neysluverðs

Alþjóðlegur

Útanríkisverslun

Vöruviðskipti

Þjónustuviðskipti

Vöru- og þjónustuviðskipti

Fjármál hins
opinbera

Híð opinbera

Ríkissjóður

Sveitarfélög

Almannatryggingar og

Vinnumagn og
framleiðni

Framleiðni vinnuafis

Vinnumagn

Þjóðhagsspá


Þjóðhagsspá

Opinbert talnaefni með mælingum vísitölu neysluverðs

Heiti töflu	Innihald
Breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1988	Verðlag.
Hlutfallsleg skipting vísitölu neysluverðs og breytingar milli mánaða	Greining verðlagsþróunar og áhrifabátta í mikilli sundurliðun. Hægt að sjá hvað hækkar og lækkar á hverjum tíma.
Vísitala neysluverðs, undirvísitölur frá 2008	Verðlagsþróun undirvísitalna. Hægt að sjá hvað hækkar og lækkar á hverjum tíma.
Vísitala neysluverðs, vogir fyrir undirvísitölur frá 1992	Neysluvægi í grunni vísitölu neysluverðs
Vísitölur til verðtryggingar frá 1979	Mælikvarði fyrir fjárskuldbindingar.

Örglæra um jaðartilvik

Spurt og svarað um
vísitölu neysluverðs



Áhrif aðgerða stjórnvalda til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar á hafa haft áhrif á hegðun neytenda á Íslandi eins og annars staðar.

Hagstofan opnaði upplýsingavef um hvernig tekið er á óvenjulegum aðstæðum í mælingum vísitölu neysluverðs.

Spurt og svarað um
vísitölu neysluverðs

Fyrirkomulag verðtryggingar



Lög um vexti og verðtryggingu, 2001 nr. 38

Breytingar á fyrirkomulagi verðtryggingar fara fram í gegnum lög um vexti og verðtryggingu, sem falla undir málefnasvið fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Lögum um vexti og verðtryggingu er hægt að breyta á alþingi.

Tilvist eða fyrirkomulag verðtryggingar er ekki náttúrulögmál heldur ákvörðun alþingis.

Fyrirkomulag verðtryggingar

- Lög um vexti og verðtryggingu nr. 38 frá 2001 fjalla um meðferð fjárskuldbindinga svo sem sparifjár og lánsfjár.
- Þar er gefin heimild til verðtryggingar sé miðað við vísitölu neysluverðs.
- Verðtrygging í gegnum tíðina með ýmsu móti
 - Fram til 1979 var verðtrygging ekki almenn.
 - 1979 – 1989 var kveðið á um verðtryggingu með lánskjaravísitölu sem var að $\frac{2}{3}$ vísitala neysluverðs og $\frac{1}{3}$ byggingarvísitala (Ólafslög).
 - 1989 – 1995 Verðtrygging með lánskjaravísitölu var $\frac{1}{3}$ launavísitala, $\frac{1}{3}$ vísitala neysluverðs og $\frac{1}{3}$ byggingarvísitala.
 - Frá 1995 hefur verðtrygging verið miðuð við vísitölu neysluverðs.
- Vísitala neysluverðs hét vísitala framfærslukostnaðar fram til ársins 1995.

Heimildir og ítarefni

- 1995, [Lög um vísitölu neysluverðs 1995 nr. 12.](#)
- 2001, [Lög um vexti og verðtryggingu 2001 nr. 38.](#)
- 2007, [Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163.](#)
- 2004, Rósmundur Guðnason, [Hvernig mælum við verðbólgu?](#), *Fjármálatíðindi, árg. 51, fyrra hefti*, bls. 33-54.
- 2004, [Consumer Price Index Manual: Theory and Practice](#)

- Ýmislegt efni á vef Hagstofu Íslands:
 - [Lýsigögn fyrir vísitölu neysluverðs.](#)
 - [Greinar og erindi.](#)

Heimildir og ítarefni

- 2004, ILO, [International Guidelines on Consumer Price Index Manual, Theory and Practice](#), International Labour Organisation.
- 2008, UN, [System of National Accounts 2008 – 2008 SNA](#), United Nations Statistics Division.
- UN, [Classification of Individual Consumption According to Purpose](#).
https://unstats.un.org/unsd/class/revisions/coicop_revision.asp